

Matvælastofnun

04 234

Ársreikningur 2024

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum	6
Starfspáttayfirlit	7
Skýringar	8

Matvælastofnun

kt. 460905-1410

Austurvegi 64, 800 Selfoss

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Matvælastofnun sinnir stjórnsýslu, eftirliti, fræðslu og þjónustu við sjávarútveg, landbúnað, fyrirtæki og neytendur í þeim tilgangi að stuðla að heilbrigði og velferð dýra, heilbrigði plantna, ábyrgu fiskeldi og öryggi, heilnæmi og gæðum matvæla. Stofnunin starfar eftir lögum nr. 30/2018 og reglugerð nr. 646/2020 um skipulag og starfsemi Matvælastofnunar. Aðalskrifstofa er á Selfossi, Markaðsstofa er í Hafnarfirði og umdæmisstofur og landamærastöðvar víðs vegar um landið.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir nokkur málefnasvið og málaflokka samkvæmt flokkun í fjárlögum og kemur aðgreining þess fram í starfspáttayfirliti.

Á árinu 2024 var ársveltan kr. 2.233,8 milljónir og afkoma kr. -274,4 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -768,3 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 410,7 milljónir.

Starfsemin á árinu 2024 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáraukalögum fyrir árið 2024. Yfirlit um stöðu fjárveitinga og breytingar ársins er á bls. 6.

Það er álit mitt að ársreikningur 2024 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Matvælastofnunar fyrir árið 2024 með rafrænni undirritun sinni.

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2024

	Skýr	2024	2023
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	1.681.300.000	1.542.600.000
Aðrar tekjur	3	455.361.074	427.053.566
Seld þjónusta		3.042.010	4.294.890
Framlög og ýmsar tekjur	4	66.286.937	72.877.132
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	27.783.087	29.921.642
Tekjur samtals		2.233.773.108	2.076.747.230
Gjöld			
Framlög og tilfærslur	5	18.596.293	29.029.260
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	6	1.855.405.227	1.715.966.540
Annar rekstrarkostnaður	7	610.005.784	613.218.341
Afskriftir og niðurfærslur	8	27.783.087	29.921.642
Gjöld samtals		2.511.790.391	2.388.135.783
Afkoma fyrir fjármagnsliði		(278.017.283)	(311.388.553)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður	9	3.704.718	3.698.681
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(95.712)	(402.429)
		3.609.006	3.296.252
Afkoma ársins		(274.408.277)	(308.092.301)
Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum			
Rekstur	2	(256.011.984)	(279.263.041)
Rekstrartilfærslur		(18.396.293)	(28.829.260)
		(274.408.277)	(308.092.301)

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

	Skýr	31.12.2024	31.12.2023
Eignir			
Handbært fé		4.426.152	5.017.359
Viðskiptakröfur		244.603.808	109.998.304
Tengdir aðilar	10	33.075.089	32.909.824
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		3.292.097	36.826
Varanlegir rekstrarfjármunir	11	107.786.703	63.891.858
Óefnislegar eignir	12	17.562.531	18.735.091
Eignir samtals		410.746.380	230.589.262
Skuldir			
Tengdir aðilar	10	858.559.458	444.285.100
Viðskiptaskuldir		39.847.457	58.740.520
Ýmsar skammtímaskuldir	13	154.106.494	162.577.465
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	14	126.521.611	87.695.800
Skuldir samtals		1.179.035.020	753.298.885
Eignir samtals að frádregnum skuldum samtals		(768.288.640)	(522.709.623)
Eigið fé	15		
Hrein eign		(768.288.640)	(522.709.623)
Eigið fé samtals		(768.288.640)	(522.709.623)
Eigið fé og skuldir samtals		410.746.380	230.589.262
Aðrar upplýsingar	16		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2024

	Skýr	2024	2023
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		(274.408.277)	(308.092.301)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	8	27.783.087	29.921.642
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(27.783.087)	(29.921.642)
		<u>(274.408.277)</u>	<u>(308.092.301)</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		(137.860.775)	(1.755.771)
Tengdir aðilar		439.041.879	246.686.332
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		(27.364.034)	3.686.098
		<u>273.817.070</u>	<u>248.616.659</u>
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)		<u>(591.207)</u>	<u>(59.475.642)</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð óefnislegra eigna		0	(1.721.651)
Kaupverð óefnislegra eigna, verk í vinnslu		(4.450.154)	0
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	11	(64.946.320)	(32.996.953)
		<u>(69.396.474)</u>	<u>(34.718.604)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Tengdir aðilar		3.896.474	1.318.604
Fjárfestingarframlag		65.500.000	33.400.000
		<u>69.396.474</u>	<u>34.718.604</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		(591.207)	(59.475.642)
Handbært fé í byrjun árs		5.017.359	64.493.001
Handbært fé í árslok		<u>4.426.152</u>	<u>5.017.359</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum

	Fjárveiting til rekstrar	Rekstrar- tilfærslur	Fjárveiting til fjárfestinga	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum 2024	1.665.200.000	200.000	35.500.000	1.700.900.000
Fjárukalög	(30.000.000)	0	30.000.000	0
Fjárveiting skv. fjárlögum og fjárukalögum	1.635.200.000	200.000	65.500.000	1.700.900.000
Millifærslur og aðrar breytingar fjárheimilda				
Launabætur	45.900.000	0	0	45.900.000
Fjárveiting ársins	1.681.100.000	200.000	65.500.000	1.746.800.000
Staða fjárveitinga fyrri ára í lok árs 2023, (umframráðstafað)	(493.880.363)	(28.829.260)	5.068.851	(517.640.772)
Breyting fjárveitinga skv. ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins	0	28.829.260	0	28.829.260
Fjárveiting til ráðstöfunar á árinu	1.187.219.637	200.000	70.568.851	1.257.988.488
Ráðstöfun ársins að frádregnum sértekjum	(1.937.111.984)	(18.596.293)	(69.396.474)	(2.025.104.751)
Staða fjárveitinga í lok árs 2024	(749.892.347)	(18.396.293)	1.172.377	(767.116.263)

Starfspáttayfirlit um afkomu ársins 2024, fjárveitingar, breytingar þeirra og stöðu

	Matvælastofnun 04 234 101	Samningur við dýralækna 04 234 111	Samtals 2024
	Málefna svið - málaflokkur 12 10	12 10	
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	1.315.400.000	365.900.000	1.681.300.000
Aðrar tekjur	455.361.074	0	455.361.074
Seld þjónusta	3.042.010	0	3.042.010
Framlög og ýmsar tekjur	66.286.937	0	66.286.937
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	27.783.087	0	27.783.087
Tekjur samtals	1.867.873.108	365.900.000	2.233.773.108
Gjöld			
Tilfærslur	18.596.293	0	18.596.293
Laun og launatengd gjöld	1.617.427.405	237.977.822	1.855.405.227
Annar rekstrarkostnaður	477.764.933	132.240.851	610.005.784
Afskriftir	27.783.087	0	27.783.087
Gjöld samtals	2.141.571.718	370.218.673	2.511.790.391
Afkoma fyrir fjármagnsliði	(273.698.610)	(4.318.673)	(278.017.283)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður	3.704.718	0	3.704.718
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap	(95.712)	0	(95.712)
	3.609.006	0	3.609.006
Afkoma ársins	(270.089.604)	(4.318.673)	(274.408.277)

Afkoma ársins skipt eftir fjárheimildaliðum

Rekstur	(251.693.311)	(4.318.673)	(256.011.984)
Rekstrartilfærslur	(18.396.293)	0	(18.396.293)
	(270.089.604)	(4.318.673)	(274.408.277)

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok aðrar en vegna fjárfestinga:

Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum	1.302.000.000	363.400.000	1.665.400.000
Fjárlög	(30.000.000)	0	(30.000.000)
Launbætur	43.400.000	2.500.000	45.900.000
Fjárveiting til tekna	1.315.400.000	365.900.000	1.681.300.000
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi	(1.585.489.604)	(370.218.673)	(1.955.708.277)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(270.089.604)	(4.318.673)	(274.408.277)

Staða fjárveitinga 2023 í lok þess árs	(470.615.033)	(23.265.330)	(493.880.363)
--	---------------	--------------	---------------

Staða fjárveitinga skipt eftir fjárheimildaliðum

Rekstur	(722.308.344)	(27.584.003)	(749.892.347)
Rekstrartilfærslur	(18.396.293)	0	(18.396.293)
	(740.704.637)	(27.584.003)	(768.288.640)

Fjárfestingar

Fjárveiting ársins skv. fjárlögum	35.500.000	0	35.500.000
Fjárveiting ársins skv. fjárlögum	30.000.000	0	30.000.000
Fjárfesting á árinu	(70.505.372)	0	(70.505.372)
Sala fastafjármuna	1.108.898	0	1.108.898
Staða fjárfestinga fjárveitingar	(3.896.474)	0	(3.896.474)

Staða fjárfestinga 2023 í lok þess árs	5.068.851	0	5.068.851
--	-----------	---	-----------

Staða fjárfestingaheimilda í árslok 2024	1.172.377	0	1.172.377
---	------------------	----------	------------------

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti starfspáttayfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilaanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggir atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Aðrar tekjur

Aðrar tekjur samanstanda í meginatriðum af framlögum frá þriðja aðila og færast til tekna við móttöku.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaeignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur krafna eru tekjufærðar eins og þær falla til nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtatekjur af almennum bankainnistæðum færast hjá ríkissjóði.

Vaxtagjöld færast til gjalda þegar þau falla til.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almennt er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisrýrnunar.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísending sé um virðisrýrnun. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisrýrnunartap fært í yfirlit um afkomu.

Skýringar

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörssdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Farartæki og vélar	8-15 ár
Aðrar eignir	10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Skýringar

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar.

Starfsþáttayfirlit

Þegar starfsemi stofnunar nær yfir fleiri en eitt fjárlagaviðfang, málefnasvið eða málaflokk er aðgreining fjárlagaviðfang, málefnasviða og málaflokka birt í starfsþáttayfirliti. Það nær til yfirlits um afkomu og greininga fjárveitinga ársins, breytinga þeirra á árinu og stöðu í árslok.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2024	2023
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	1.681.300.000	1.542.600.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	27.783.087	29.921.642
	<u>1.709.083.087</u>	<u>1.572.521.642</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	1.665.200.000	200.000	0	1.665.400.000
Fjáraukalög	(30.000.000)	0	0	(30.000.000)
Launabætur	45.900.000	0	0	45.900.000
Fjárveiting til tekna	1.681.100.000	200.000	0	1.681.300.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum	(1.937.111.984)	(18.596.293)	0	(1.955.708.277)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(256.011.984)	(18.396.293)	0	(274.408.277)

	2024	2023
3 Aðrar tekjur		
Sala á vöru og þjónustu	455.361.074	427.053.566
	<u>455.361.074</u>	<u>427.053.566</u>

4 Framlög og ýmsar tekjur		
Leigutekjur	6.557.496	3.812.812
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta	0	37.370.409
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	27.770.581	34.965.726
Ýmsar tekjur	31.958.860	(3.271.815)
	<u>66.286.937</u>	<u>72.877.132</u>

5 Framlög og tilfærslur		
Rekstrartilfærslur aðrir	18.596.293	29.029.260
	<u>18.596.293</u>	<u>29.029.260</u>

6 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður		
Laun	1.506.827.205	1.386.091.517
Orlof, breyting	(8.645.093)	11.896.989
Launatengd gjöld	335.104.865	308.341.400
Starfsmannakostnaður	22.118.250	9.636.634
	<u>1.855.405.227</u>	<u>1.715.966.540</u>
Meðalfjöldi stöðugilda	108,2	102,3

Skýringar

	2024	2023
7 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	2.781.774	3.199.177
Byggingarvörur, almennar	0	998
Byggingarvörur, aðrar	271.456	31.338
Ýmis tæki og áhöld	9.326.159	8.867.690
Varahlutir og viðhaldsvörur	2.445.106	2.204.014
Orkugjafir	17.111.592	17.690.464
Matvæli	24.915.607	21.773.325
Almennar rekstrarvörur	6.100.861	3.683.903
Vörukaup, almenn	62.952.555	57.450.909
Rannsóknarstofuefni	1.419.023	1.498.083
Lyf og tengd efni	0	15.158
Ýmsar sérgreindar vörur	1.042.532	1.578.833
Vörukaup, sérgreind	2.461.555	3.092.074
Fundir, námskeið, risna	15.767.489	10.355.702
Ferðir, uppihald	33.786.265	26.876.391
Akstur	29.573.598	40.207.521
Sérfræðipjónusta	218.707.510	241.464.819
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	1.244.663	1.594.981
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	1.991.399	4.919.556
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	5.992.545	5.058.726
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðipjónusta	307.063.469	330.477.696
Afnotagjöld	35.741.600	28.840.282
Leigugjöld	157.653.324	150.880.610
Notkun véla og flutningatækja	38.240	0
Verkkaup	30.339.495	28.190.864
Kostnaðarhlutdeild	5.996.531	5.845.916
Áhættutap og bætur	45.240	0
Tryggingar, lögboðnar	4.754.503	4.226.859
Opinber gjöld	2.147.869	1.324.354
Tapaðar kröfur	2.141.403	4.238.777
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	238.858.205	223.547.662
Hlutdeild annarra í kostnaði	(1.330.000)	(1.350.000)
Annar rekstrarkostnaður samtals	610.005.784	613.218.341
8 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	9.152.075	10.599.676
Farartæki og vélar	10.663.078	14.393.741
Aðrar eignir	0	2.451
Sölutap og úreltar eignir	3.276.177	498.459
Niðurfærsla ófæfnislegra eigna	4.691.757	4.427.315
	27.783.087	29.921.642
9 Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður		
Bankareikningar ofl	3.704.718	3.698.681
	3.704.718	3.698.681

Skýringar

31.12.2024 31.12.2023

10 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Aðrir ríkisaðilar	33.075.089	32.909.824
	<u>33.075.089</u>	<u>32.909.824</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	855.101.550	411.753.418
Viðskiptareikningar við aðra ríkisaðila	3.457.908	32.531.682
	<u>858.559.458</u>	<u>444.285.100</u>

11 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður	18.503.306	21.104.937
Farartæki og vélar	89.283.397	42.786.921
	<u>107.786.703</u>	<u>63.891.858</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2024:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Fasteignir	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2024	84.621.606	160.782.554	0	3.009.660	248.413.820
Viðbætur á árinu	7.786.766	57.159.554	0	0	64.946.320
Selt/úrelt á árinu	(11.374.657)	0	0	(86.105)	(11.460.762)
	<u>81.033.715</u>	<u>217.942.108</u>	<u>0</u>	<u>2.923.555</u>	<u>301.899.378</u>
Afskriftir 01.01.2024	63.516.669	117.995.633	0	3.009.660	184.521.962
Afskrift ársins	9.152.075	10.663.078	0	0	19.815.153
Selt/úrelt á árinu	(10.138.335)	0	0	(86.105)	(10.224.440)
	<u>62.530.409</u>	<u>128.658.711</u>	<u>0</u>	<u>2.923.555</u>	<u>194.112.675</u>
Staða 31.12.2024	<u>18.503.306</u>	<u>89.283.397</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>107.786.703</u>

Skýringar

	31.12.2024	31.12.2023
12 Óefnislegar eignir		
Óefnislegar eignir	13.112.377	18.735.091
Verk í vinnslu, óefnislegar eignir.....	4.450.154	0
	<u>17.562.531</u>	<u>18.735.091</u>

Óefnislegar eignir greinast þannig í árslok 2024:

	Hugbúnaður
Stofnverð 01.01.2024	33.729.682
Viðbætur á árinu	0
Selt/niðurfært á árinu	<u>(1.719.624)</u>
	<u>32.010.058</u>
Niðurfært 01.01.2024	14.994.591
Niðurfærsla ársins	4.691.757
Selt/niðurfært á árinu	<u>(788.667)</u>
	<u>18.897.681</u>
Staða 31.12.2024	<u>13.112.377</u>

	31.12.2024	31.12.2023
13 Ýmsar skammtímaskuldir		
Ógreitt orlof	153.932.372	162.577.465
Önnur ógreidd gjöld	174.122	0
	<u>154.106.494</u>	<u>162.577.465</u>

14 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2024	31.12.2023
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	125.349.234	82.626.949
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað)	1.172.377	5.068.851
	<u>126.521.611</u>	<u>87.695.800</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2024	82.626.949	5.068.851	87.695.800
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	65.500.000	65.500.000
Áhrif seldra eigna	1.108.898	0	1.108.898
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	64.946.320	(64.946.320)	0
Fjárfesting í óefnislegum eignum, verk í vinnslu	4.450.154	(4.450.154)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	<u>(27.783.087)</u>	<u>0</u>	<u>(27.783.087)</u>
	<u>125.349.234</u>	<u>1.172.377</u>	<u>126.521.611</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2024 munu kr. 25,4 milljónir koma til tekna á árinu 2025.

Skýringar

15 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2024	31.12.2023
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	(522.709.623)	(214.617.322)
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins	28.829.260	0
Afkoma ársins	(274.408.277)	(308.092.301)
Jöfnuður 31.12.	(768.288.640)	(522.709.623)

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

16 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði til næstu ára og í einhverjum tilvikum um óákveðinn tíma. Einnig hefur stofnunin gert þjónustusamninga bæði tímabunda og ótímabundna. Árlegar greiðslu vegna húsaleigu nema 117,7 milljónum og vegna þjónustusamninga 154,4 milljónum.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum í árslok 2024.

Veittar ábyrgðir

Ekki hefur verið gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óafturkallanleg loforð

Ekki hafa verið veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.